



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stilholti 16-18
300 Akranes

*Erindið sent með tölvupósti
á netfangið: steinar.adolfsson@akranes.is*

Akranesi, 18.09.2018
1809055 SPH/hs

Efni: Deilisk. Grenjar hafnarsv. H3 - vegna Bakkatúns 30-32

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann (dags.), var fjallað um ósk Grenja ehf. um breytingu á deiliskipulagi Grenja hafnarsvæði H3, vegna Bakkatúns 30 og 32.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Lögð var fram tillaga að breytingu á hafnarsvæði á Akranesi H3 Grenjar sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Í ágúst 2018. Í breytingartillögu felst að byggingareitur á lóð við Bakkatún 30 er stækkaður til suðvesturs. Byggingarmagn eykst um 2.500 fermetra.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Grenja, samanber 7. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 1809059)

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Sigurður Páll Harðarson
sviðsstjóri

Meðf.: Tillaga að deiliskipulagsbreytingu